

Hestur

Nafn:	Bí númer:	Örmerki:
-------	-----------	----------

Eigandi

Nafn:	Heimili:	Kennitala:
-------	----------	------------

Heilbrigðisstaða

Hefur hesturinn fengið einkenni smitandi hósta?	Hvenær varð síðast vart við þau einkenni?
---	---

Heimaeinangrun

Ofangreindur hestur hefur verið í sama hestahópnum frá _____

- Engum hesti hefur verið bætt inn í hópinn á þeim tíma
 Enginn hestur í hópnum hefur sýnt einkenni smitandi hósta á þeim tíma

Ég, undirritaður eigandi eða umráðamaður hestsins staðfesti að þessar upplýsingar séu réttar

Dags.

Undirritun eigenda / umráðamanns

Sérstök skoðun dýralæknis fyrir brottför, vegna útflutnings

Undirritaður dýralæknir staðfestir að heimaeinangrunin uppfyllir skilyrði Matvælastofnunar þar að lúandi.

Ekki kom fram hósti eða litað nefrennsli í ofangreindum hesti við skoðun.

Ekki varð vart við hósta eða litað nefrennsli í neinu hrossi í hópnum þegar þau voru rekin til.

Dags.

Undirritun dýralæknis

Almennt um heimaeinangrun hrossa vegna smitandi hósta.

Til að draga úr hættunni á að hross beri með sér smitandi hósta er nauðsynlegt að halda þau í 30 daga heimaeinangrun. Slík einangrun er mjög æskileg áður en hross eru send á tamninga- eða þjálfunarstöðvar eða aðra notkun innan um ókunna hesta.

Hross má aldrei halda ein og því getur þurft að velja hross í sama heilbrigðisástandi í einangrunina með þeim til samlætis.

Heimaeinangrun þarf að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Hrossin séu haldin í sama hópnum í 30 daga, úti eða inni.
2. Ekki má bæta við hrossi í hópinn á þeim tíma.
3. Hópurinn má ekki komast í snertingu við önnur hross né komast í sama vatnsból og skulu vera a.m.k. 50 m í næstu girðingu þar sem hross ganga.
4. Eigandi / umráðamaður skal hafa daglegt eftirlit með heilbrigði hrossanna.
5. Hús sem notuð eru sem heimasóttkví skulu hreinsuð vel og sótthreinsuð fyrir notkun.
6. Við eftirlit og umhirðu þarf að viðhafa smitvarnir s.s. handþvott, sérstakan fatnað og skó.
7. Séu hrossin notuð til reiðar þarf að nota reiðtygi sem ekki eru notuð á önnur hross á meðan.

Sérstök ákvæði vegna útflutnings.

Heimaeinangrun er nauðsynlegur undirbúningur fyrir útflutning hrossa.

Dýralæknir skal staðfesta að heimasóttkvíin uppfylli framangreind ákvæði og að engin veik hross séu í hópnum.

Ekki má flytja útflutningshross með öðrum hrossum nema þau séu einnig að koma úr sóttkví. Flutningstækið skal vera hreinsað og sótthreinsað fyrir flutninginn.